

1865.
9. janúar. skjóta máli því, sem hér er um rædt, til hæstaréttar, getur það, hvaða úrslit sem málið fær, samkvæmt konungsúrskurði frá 27. aprílmán. 1822 og 12. aprílmán. 1834 ekki verið umtalsmál að veita honum nokkra sérstaka borgun fyrir að útleggja dómsgjörðirnar.

12. janúar. **7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmaunsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum af skipbroti.**

Með bréfi dagsettu 26. októbermán. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað eptirrit og útleggingu á dönsku af vottorði, sem borið hefir verið fyrir aukarétti Skaptafells sýslu 21. júnímán. f. á., um hina ágæta framgöngu Ingvars bónda Runólfssonar í Hvammi og Magnúsar bónda Runólfssonar á Skagnesi til þess að bjarga skipshöfuinni á báti, sem fórst í lendingu í Reynishöfn, og hafð þér beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um þetta mál.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á, að dómsmálastjórnin eptir atvikum þeim, sem sannast hafa, hefir veitt bændum þessum 16 ríkisdala verðlaun, og bera Ingvari Runólfssyni 10 rd. af þeim, en Magnúsi Runólfssyni 6 rd. Landfógetanum hefir í dag verið skrifað um að greiða fê þetta úr jarðabókar-sjóðnum, þegar þér krefist þess.

12. janúar. **8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmaunsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekapart á Grjótnesi.**

Með bréfi dagsettu 6. ágústmán. f. á. hafð þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Birni Árnasyni og Kristjáni Árnasyni, er eiga jörðina Grjótnes í Þingeyjar sýslu; sækja þeir enn á ný¹ um að fá keyptan hálfan reka fyrir Grjótnes

¹) Sbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1. bindi 517. bls.